

# Fuglalíf Tjarnarinnar árið 2024



**Ólafur K. Nielsen**  
**Jóhann Óli Hilmarsson**  
**Reykjavík og Stokkseyri**  
**Apríl 2025**

## ÁGRIP

Fuglafána Tjarnarinnar hefur verið vöktuð meira og minna samfellt frá 1973 eða í 52 ár. Fimm andategundir hafa verið árvissir varpfuglar lengstum á þessu tímabili: stökkönd, gargönd, duggönd, skúfönd og æður. Varpstofnum stökkandar, gargandar og duggandar hefur hnignað verulega og æðurin er horfin. Einn æðarbliki sást reyndar í vor, en síðasta æðarkollan sást vorið 2021 og síðast varð vart við æðarunga sumarið 2014. Aðeins skúfandastofninn hefur ekki gefið eftir til lengri tíma litið, þó afkoman hafi verið afar slök sumarið 2024. Rauðhöfði, nýr varpfugl, bættist við 2013, og svo urtönd 2015; báðar komu upp ungum 2024. Toppönd er óreglulegur varpfugl. Kríuvarp var með besta móti. Um 100 hreiður voru í Vatnsmýri og Þorfinnshólma og komst fjöldi unga á legg. Brandendur sáust nokkrum sinnum yfir sumarið; brandönd er ný tegund við Tjörnina. Langvarandi viðkomubrestur stendur andastofnunum fyrir þrifum. Þrjár meginskýringar eru á lélegri afkomu andarunga: (1) fæðuskortur; (2) afrán; og (3) hnignun búsvæða.

Tjörninn skartar ríkulegu fuglalífi yfir veturinn og fjöldi andfugla hefur þar vetursetu, mest áberandi í þeim hópi eru stökkönd, grágæs og álft. Vetrargestirnir byggja afkomu sína nær eingöngu á brauðgjöfum borgarbúa. Mest var um andfugla á árabílinu 1990–2005, er 800–1300 fuglar höfðu vetursetu, en síðan hefur hallað verulega undan fæti og síðustu ár hafa vetrargestirnir verið 600–800. Þessi fækkun vetrargesta bendir til þess að verulega hafi dregið úr brauðgjöfum almennings.

Fuglaflensa herjaði á Tjarnarfugla veturinn 2024 til 2025 og dráputst tugir grágæsa, auk álfta, rauðhöfða og máfa. Þegar þetta er ritað, síðla í mars 2025, virðist góðu heilli hafa dregið úr pestinni.

Framkvæmdir voru við Stóra hólma Norðurtjarnar og hann endurbyggður. Á það vonandi eftir að hafa jákvæð áhrif á fuglalífið.

Tjörninn er fuglagarður í miðri borg og umsjón og ábyrgð þessa svæðis er á hendi borgaryfirvalda. Tilgangur með vöktun fuglastofna Tjarnarinnar er m.a. að veita ábyrgum yfirvöldum áreiðanlega lýsingu á ástandi stofnanna hverju sinni. Um árabíl hafa öll viðvörunarljós blikkað! Ástand fuglastofna Tjarnarinnar er óviðunandi og hér þarf að bregðast við! Viðbrögðin þurfa að taka miða af því að umsjón með Tjarnarfuglunum, Tjörninni sjálfri og friðlandinu í Vatnsmýri er langtímaverkefni sem þarf að vinna jafnt og þétt. Hér þarf að taka á málum á skipulagðan og agaðan máta og hafa skýra framtíðarsýn.

**EFNISYFIRLIT**

ÁGRIP.....	2
EFNISYFIRLIT .....	3
INNGANGUR .....	4
FUGLALÍF 2024 .....	4
Álft .....	4
Grágæs.....	6
Gargönd.....	6
Rauðhöfði.....	8
Stökkönd .....	8
Urtönd .....	9
Skúfönd .....	9
Duggönd.....	9
Æður.....	10
Toppönd .....	10
Gulönd.....	10
Aðrar gæsir og endur.....	11
Hettumáfur .....	11
Kría.....	11
Aðrir fuglar.....	12
Fuglaflensa .....	12
ANNAÐ STARF.....	13
Fuglaskilti.....	13
Vinir Tjarnarinnar .....	13
HVAÐ RÆÐUR HNIGNUN LÍFRÍKIS TJARNARINNAR?.....	13
Viðkoma Tjarnarfugla .....	14
Flóran og framandi ágengar tegundir .....	15
Hnignun búsvæða.....	16
Framtíðarsýn lífríkisnefndar Tjarnarinnar.....	16
HEIMILDIR.....	17
TÖFLUR.....	18

**Forsíða:** Kría með unga í friðlandinu í Vatnsmýri 8. júlí 2024. Ljósm. JÓH.

## INNGANGUR

Tjörnin og það fuglalíf sem þar þrífst hefur mikla þýðingu fyrir Reykvíkingsa. Mikilvægi svæðisins felst í útivistar- og fræðslugildi þess. Þangað kemur fólk, bæði til að ganga með bökkum Tjarnarinnar og njóta þess sem fyrir augu ber, og eins sækja margir þangað til að fódra Tjarnarfuglana. Við fullyrðum að óvída annars staðar á Innnesjum komast borgarar í slíkt návígi við fugla og af eins mörgum tegundum og raun ber vitni en við Tjörnina. Auðugt fuglalíf í miðri borg er ekki sjálfgefið. Til lengri tíma litid þarf að varðveita búsvæði fuglanna á svæðinu, tryggja þeim aðgang að fæðu og frið til að lifa sínu lífi.

Fuglar hafa verið vaktaðir á Tjörninni á vorin og síðusumars flest ár frá sumrinu 1973. Tilgangurinn með vöktun Tjarnarfugla er að afla gagna sem lýsa langtíma stofnbreytingum þeirra. Þannig hafi borgaryfirvöld á hverjum tíma trúverðuga lýsingu á ástandi fuglastofnanna og geti brugðist við, halli undan fæti hjá Tjarnarfuglum. Þessi vöktun hefur beinst að andfuglum (álftum, gæsum og öndum) og kríu, en aðrir fuglar hafi verið taldir meðfram.

Talið var þrisvar sinnum um vorið og sumarið 2024, í maí og júlí, og ein talning var gerð í desember. Allir fuglar voru taldir á Norðurtjörn, Suðurtjörn, Þorfinnstjörn, Vatnsmýrartjörn og Hústjörn, sem og í friðlandinu í Vatnsmýri (1. mynd). Talningar í maí gefa stærð varpstofna og talningar í júlí gefa viðkomuna og fjölda fellifugla. Talning í desember gefur fjölda vetursetufugla. Svæðið var auk þess heimsótt nokkrum sinnum þess utan til að huga að fuglum. Leitað var að upplýsingum um Tjarnarfugla á skráningarvefnum eBird (2024). Hér á eftir verður fjallað sérstaklega um álftir, gæsir, endur og kríu, aðrar tegundir sem sáust eru nefndar.

## FUGLALÍF 2024


Sex andategundir urpu við Tjörnina sumarið 2024. Stökkönd, gargönd, duggönd og skúfönd hafa verið árvissir varpfuglar frá upphafi talninga 1973. Einnig fundust rauðhöfðar og urtendur með unga, en þessar tvær tegundir hafa orpið við Tjörnina nokkur síðustu ár. Af sjaldgæfari andfuglum sáust heiðagæs, brandönd, skeiðönd, grafönd, ljóshöfði, gulönd og toppönd. Brandönd hefur aldrei áður sést við Tjörnina. Álft og grágæs eru daglegir gestir við Tjörnina árið um kring og nokkuð grágæsavarp er í Vatnsmýrinni. Hér fyrir neðan verður fjallað nánar um einstakar tegundir.

### *Álft*

Í talningu 4. maí sáust þrjár álftir og ein þann 26. maí. Sex álftir felldu flugfjaðrir á Tjörninni um sumarið (1. tafla). Fellifuglunum hefur fækkað miðað við síðustu ár en fellihópurinn taldi 11 álftir sumarið 2021, 15 sumarið 2022 og 25 sumarið 2023. Fæða álftanna yfir sumarið er nykra sem vex á botni Tjarnarinnar. Mögulega voru nykrubreiðurnar rýrari á liðnu sumri en árin á undan. Álftahópur dvelur allan veturinn á Tjörninni og lifir þá á brauðgjöfum. Vetursetuhópurinn taldi 92 álftir þann 28. desember og þetta er svipaður fjöldi og veturinn þar á undan (95 álftir). Fjöldi álfta í vetursetu var hvað mestur á árunum um og uppúr 1990 (110–140 fuglar) en síðan fækkaði og voru færstar á árabílinu 2013–2015 (50–65 fuglar) en hefur fjölgað aftur (2. mynd).



1. mynd. Tjörnin og friðland fugla í Vatnsmýri. 1=Norðurtjörn, 2=Suðurtjörn, 3=Þorfinnstjörn, 4=Vatnsmýrartjörn, 5=Hústjörn og 6=friðland. Friðlandið er markað með síkjum. Mynd var tekin 7. ágúst 2024 og sótt af Borgarvefsjá 5. febrúar 2025.




**2. mynd.** Andfuglar á Tjörninni veturna 1973–2024. Byggir á talningum sem voru gerðar í lok desember viðkomandi ár. Gögn vantar fyrir árin 1981–1984. Rauðu ferlarnir sýna meginleitni gagnaraðanna.

### Grágæs


Þann 23. júlí sáust 127 fullorðnar gæsir og 37 gæsarungar (1. tafla). Þetta er svipaður fjöldi og síðustu ár en veruleg fækkun frá því sem verið hefur síðustu 30 ár eða svo. Áður voru að jafnaði 200–300 gæsir á Tjörninni síðsumars. Vetursetuhópurinn taldi 313 gæsir 28. desember. Flestar gæsir höfðu vetursetu á árunum um og uppúr 1990 (400–500 fuglar), en síðan fækkaði jafnt og þétt til 2019 er hópurinn taldi færri en 100 fugla, síðan hefur fjölgað aftur (2. mynd).

### Gargönd

Gargandapar og tveir stakir steggir sáust á Tjörninni um vorið (1. og 2. tafla). Varpstofninn er svipaður og verið hefur frá árinu 2007 (eitt til tvö pör, 3. mynd). Engin kolla sást með unga í talningu í júlí (1. og 3. tafla, 4. mynd); ein kolla sást fyrr um sumarið með tvo unga (eBird). Gargendur hafa fellt flugfjaðrir á Tjörninni flest ár en aldrei margir fuglar. Í sumar taldi fellihópurinn 15 steggi og 6 kollur þann 23. júlí og þetta er svipaður fjöldi og felldi sumarið 2023 og fellifuglar hafa ekki verið fleiri í annan tíma. Gargandahópur dvelur á Tjörninni hvert haust og þann 22. september voru þar 13 gargendur.



3. mynd. Andakollur á Tjörninni vorin 1974–2024. Gögn vantar fyrir allar tegundir árin 1982–1987, fyrir æði 1981 og duggönd 1993. Rauðu ferlarnir sýna meginleitni gagnaraðanna. Stærð varpstofns er miðuð við fjölda kolla sem sést í talningum að vori (apríl og maí).




4. mynd. Andarungar á Tjörninni síðsumars 1973–2024. Gögn vantar fyrir árin 1983–1985, 1987 og 1992 til 1993, einnig vantar stökkönd og gargönd 1986, stökkönd, gargönd, duggönd og skúfönd 1994, og æði 1995. Rauðu ferlarnir sýna meginleitni gagnaraðanna.

### Rauðhöfði

Fjögur rauðhöfðapör sáust á Tjörninni um vorið, síðsumars sáust tvær rauðhöfðakollur með samtals 5 unga (1. og 2. tafla, 3. og 4. mynd). Síðsumars voru í fjaðrafelli á Tjörninni 15 fullorðnir rauðhöfðar, ungamæðurnar eru ekki með í þeirri tölu. Frá upphafi talninga 1973 hafa ekki fleiri rauðhöfðar fellt flugfjaðrir á Tjörninni. Síðustu ár hafa rauðhöfðar safnast saman á Tjörninni á haustin og lifað á nykru, og t.d. sáust þann 22. september alls 50 fuglar í ætisleit yfir nykrubreiðunni í Norðurtjörn. Sjálfir ná rauðhöfðarnir ekki til botns þar sem nykran vex, heldur éta þeir plöntur sem áltfir á beit slíta upp. Rauðhöfðar hafa verið árvissir vetrargestir frá árinu 2012. Í ár, veturinn 2024 til 2025, taldi hópurinn 61 fugl, og í fyrravetur taldi hópurinn 55 fugla (2. mynd). Aldrei fyrr hafa jafnmargir rauðhöfðar haft vetursetu á Tjörninni. Endurkoma rauðhöfðans í fuglafánu Tjarnarinnar eftir margra ára ládeyðu er einn ánægjulegasti viðburður síðustu ára.

### Stökkönd

Í maí sáust 29 stökkandarkollur og 33 í júlí (1. tafla). Þetta er aukning frá síðustu árum og það þarf að fara aftur til 2019 til að finna stærri varpstofn. Samanburður við fyrri sýnir að varpstofninn var sterkur á 8. áratug síðustu aldar (73–115 pör). Síðan fækkaði í stofninum og lágmark var 1995 (45 pör), eftir það óx hann jafnt og þétt og var kominn í 113 pör 2007. Aftur fækkaði fuglunum og hefur stofninn verið með allra minnsta móti 2014–2024 (3. mynd, 2. tafla). Samtals felldu 147 stökkandarsteggir flugfjaðrir á Tjörninni 2024 en það eru bæði heimafluglar og aðkomufuglar (1. tafla). Fellisteggjum hefur fækkað mikið frá því sem áður var og tölur fyrir árin 2014–2024 eru þær langlægstu frá upphafi talninga (5. mynd). Í lok júlí 2024 voru tvær stökkandarkollur með samtals 6 unga og þetta er eitt lægsta gildið sem skráð hefur verið frá upphafi talninga 1973. Almennt hefur viðkoma stökkandarinnar verið slök allar götur frá 2005 (4. mynd, 3. tafla). Vetursetuhópurinn taldi 242 stökkendur 28. desember. Þessi hópur var hvað stærstur á 8. áratug síðustu aldar og svo aftur um og eftir aldamótin 2000, oftast 400–500 fuglar en stundum upp í 600 fugla. Frá aldamótum hefur fækkað jafnt og þétt í hópnum og síðustu ár hefur hann talið á bilinu 200–300 fugla (2. mynd).



5. mynd. Fellisteggir stökkandar á Tjörninni 1973–2024. Gögn vantar fyrir árin 1981–1987 og 1992 og 1993. Rauði ferillinn sýnir meginleitni gagnaraðarinnar.

*Urtönd*


Urtendur hafa orpið við Tjörnina frá 2015 og varppörin dvelja á tjörnum í Vatnsmýrinni. Urtendur eru felugjarnar og oft erfitt að koma auga á þær. Eitt urtandapar sást í talningum um vorið. Þrír stálpaðir ungar sáust síðsumar og þrír fullorðnir fuglar í felli (1. tafla). Urtendur hafa haft vetursetu á Tjörninni frá 1999 og það fjölgaði hratt í hópnum næstu vetur þar á eftir (2. mynd). Flestir voru fuglarnir 2012 eða 40, síðan hefur þeim fækkað. Í talningu 28. desember sáust fjórar urtendur. Vetursetufuglarnir hafa flestir haldið sig á Vatnsmýrartjörn og Hústjörn en áður líka á skurðum austast í Vatnsmýrinni. Þessum skurðum var spilt í tengslum við uppbyggingu á Hlíðarendasvæðinu.

*Skúfönd*

Í talningum í maí sáust 20 skúfandarkollur en 18 kollur í júlí (1. tafla). Tvær kollur voru með 12 unga á lífi í lok júlí (1. tafla). Stofnbreytingar skúfandar hafa verið frábrugðnar stofnbreytingum annarra Tjarnaranda. Skúfandastofninn óx á árunum 1980–1998, úr tæplega 20 pörum í liðlega 30 pör, stofninn minnkaði síðan en hefur frá 2013 talið um 20 pör (3. mynd, 2. tafla). Toppar í fjölda skúfanda árin 1997, 2002 og 2010 helgast líklega af tímabundnum heimsóknum aðkomufugla, frekar en raunverulegri aukningu í varpstofni. Viðkoma skúfanda batnaði jafnt og þétt á sama tíma og skúfandastofninn óx á 8. og 9. áratug 20. aldar og var í hámarki á fyrrihluta 10. áratugarins, nokkrum árum á undan hámarki í stofnstærð. Frá miðjum 10. áratugnum hefur viðkoman verið lakari og sérstaklega hafa árin frá og með 2005 verið mögur ef undan eru skilin árin 2009, 2016, 2020 og 2023. Leitni í fjölda skúfandarunga, frá lögðinni 2005–2008, hefur þó verið upp á við (4. mynd). Viðkoman í ár, 12 ungar, er léleg. Skúfendur hafa verið nær árvissir vetrargestir við Tjörnina frá 1973 (2. mynd). Fyrstu árin, sem talningarnar spanna, voru fuglarnir fáir en síðan fjölgaði í hópnum og flestir voru fuglarnir 80–120 á árunum um og eftir 1990. Vetursetuhópurinn taldi 24 fugla 28. desember (1. tafla).

*Duggönd*

Í talningum um vorið sáust 8 duggandarkollur en í talningu í júlí sáust 5 kollur (1. tafla). Duggöndum á Tjörninni hefur fækkað jafnt og þétt allar götur frá 1980, ef undan er skilið sex ára tímabil um aldamótin. Botninum virðist hafa verið náð 2009 og síðan hefur stofninn haldist tiltölulega stöðugur eða 5–9 pör (3. mynd, 2. tafla). Viðkoman 2024 var mjög léleg en ein kolla var með einn unga á lífi 23. júlí (1. tafla). Viðkoma duggandar hefur verið léleg um langa hríð, undantekningar voru árin 2015 og 2016 (4. mynd, 3. tafla). Engin duggönd hafði vetursetu veturinn 2024–2025.



6. mynd. Æðarbliki við Iðnó 21. maí 2024. Ljós. JÓH.

#### *Æður*


Einn æðarbliki sást á Tjörninni 21. maí (6. mynd). Æðarfuglinn er útdauður sem varpfugl við Tjörnina, síðast komust upp æðarungar sumarið 2014 og síðasta æðarkollan sást vorið 2021 (3. og 4. mynd).

#### *Toppönd*

Toppönd er árviss gestur á Tjörninni og sést þar á öllum tímum árs. Flest vor eru fáein pör á svæðinu (1–5 pör, 3. mynd) og toppendur verpa þar endrum og eins (4. mynd). Toppendur sáust alla mánuði ársins og þar var á svæðinu á varptíma (eBird). Engin toppönd sást í talningu 28. desember (1. tafla).

#### *Gulönd*

Gulendur voru árvissir vetrargestir á Tjörninni 1976 til 1983 en hurfu svo af vettvangi og sáust ekki í áratugi. Vorið 2020 sáust gulendur loks aftur og þær hafa síðan dvalið á svæðinu vor og haust. Gulendur voru á Tjörninni í febrúar til apríl, mest 6 fuglar 10. apríl, og svo aftur í október og nóvember, mest 4 fuglar 8. nóvember (eBird). Engar gulendur sáust í talningu 28. desember. Gulendur eru fiskiætur að upplagi en nýlega hefur það gerst að þær sækja í brauðgjafir hér á Innesjum, nánar tiltekið á Elliðaánum og Læknum í Hafnarfirði. Gulendurnar á Tjörninni hafa fram til þessa ekki sést taka brauð.



7. mynd. Ljóshöfðasteggur á vökinni við Iðnó 29. janúar 2025. Ljósm. JÓH.

#### *Aðrar gæsir og endur*

Heiðagæs sást í Vatnsmýri í mars og apríl (eBird). Brandendur, einn til þrjú fuglar, sást í fjögur skipti á tímanum júní til september (eBird). Brandönd er ný tegund í fuglafánu Tjarnarinnar. Grafönd, par, sást í janúar til mars og svo aftur í desember (eBird). Skeiðönd, steggur, sást 26. maí (Daníel Bergmann) og 21. júní sást par og steggur í Vatnsmýri. Aftur sást þrjár skeiðendur 18. júlí (eBird). Ljóshöfði, steggur, felldi flugfjaðrir á Tjörninni og sást þar frá júlí og fram í september (eBird) og svo aftur í desember (7. mynd).

#### *Hettumáfur*

Hettumáfar dvelja við Tjörnina árið um kring og verpa sum ár. Samtals sást 67 hettumáfar í talningu 4. maí og sex sást sitja á hreiðrum í Vatnsmýri 26. maí og 10 þann 21. júní. Þann 15. júlí sást 35 ungar í varpinu (eBird).

#### *Kría*

Kríuvarp var á tveimur stöðum við Tjörnina 2024, í Vatnsmýri og Þorfinnhólma. Þetta er sama dreifing og verið hefur á kríuvarpinu frá árinu 2012. Engar kríur sást í talningu 4. maí en þann 26. maí sást 93 kríur og þar af voru 60 í Vatnsmýri og 33 í Þorfinnhólma. Þann 21. júní sást kríur liggja á a.m.k. 65 hreiðrum í Vatnsmýri og 35 hreiðrum í Þorfinnhólma. Í talningu 23. júlí sást 203 fullorðnar kríur, 87 stálpaðir ungar (margir fleygir eða hálfleygir), og þrjár árgamlar kríur. Varpárangur var mjög góður miðað við síðustu ár (8. mynd). Tjarnarkríurnar sækja mikið til sjávar eftir æti, sem er fyrst og fremst sandsíli. Kríur sást bera sandsíli í sumar og það virtist ekki vera fæðuskortur líkt og svo oft undanfarin ár. Vargar (minkar, kettir og sílamáfar) hafa herjað á kríuvarpið á umliðnum árum en ekki varð vart við slíkt í sumar. Það er gleðiefni að sjá þróttinn í kríuvarpinu þessi síðustu ár og vonandi á hún eftir að setjast aftur að í Stóra hólma Norðurtjarnar, eftir að hann hefur verið endurbyggður.



**8. mynd.** Kría með sili og nokkrar á hreiðrum í friðlandinu í Vatnsmýri 8. júlí 2024. Ljósmynd. JÓH.

#### *Aðrir fuglar*

Smyrill sást þrisvar sinnum á tímanum janúar til mars 2024 (eBird). Sílamáfi hefur eitthvað fækkað við Tjörnina frá því sem áður var, þegar þeir skiptu hundruðum vor og haust; þann 4. maí sáust 85 sílamáfar, 230 þann 26. maí og 6 þann 23. júlí. Af öðrum tegundum máfa sáust hettumáfur, stormmáfur, svartbakur, hvítmáfur, bjartmáfur og silfurmáfur. Hópur af húsdúfum heldur til við norðurenda Tjarnarinnar allt árið. Dúfum hefur fækkað mikið á Innnesjum og er þetta einn af fáum dúfnahópum sem eftir er. Þessi dúfnahópur hefur talið 40–50 síðustu ár, 45 dúfur sáust í talningu 26. maí og 74 dúfur 28. desember. Ekki var gerð tilraun til að meta fjölda mófugla í Vatnsmýrarfriðlandi en varplegir tjaldar (sáust með unga), sandlóur (sáust með unga), stelkar (sáust með unga), hrossagaukar, þúfutittlingar og maríuerla (sáust með unga) sáust þar. Tveir óðinshannar voru á Vatnsmýrartjörn 24. júní (eBird). Jaðrakan (bæði par og stakur fugl) sáust í júní (eBird).

#### *Fuglaflensa*

Fuglaflensa geisaði við Tjörnina veturinn 2024 til 2025, bæði drápust máfar og andfuglar, s.s. grágæs, álft og rauðhöfði. Grágæsin var harðast fyrir barðinu á fuglaflensunni og þann 12. janúar 2025 fundust 20 nýdauðar gæsir í Vatnsmýrinni (9. mynd).



9. mynd. Grágæs dauð úr fuglaflensu við Vatnsmýrartjörn í janúar 2025. Ljós. Gunnar Þór Hallgrímsson.

## ANNAÐ STARF

### *Fuglaskilti*

Skýrsluhöfundar sáu um að útbúa og skipta út fuglaskiltum við Iðnó, en það var gert þrisvar á árinu, í apríl (þema skiltanna var varptíminn), í júlí (þemað var ungatíminn og fellitíminn) og í október (þemað var vetrargestir).

### *Vinir Tjarnarinnar*

Um 20 sjálfboðaliðar á vegum Fuglaverndar og Norræna hússins tóku til hendinni 6. apríl í Vatnsmýrarfriðlandi og hreinsuðu rusl úr síkjum, klipptu runna og tré og löguðu bakkavarnir. Þetta starf hófst 2013 og hefur síðan verið á hverju vori, nema ekki 2020 vegna kófsins. Sjá líka: <https://fuglavernd.is/verkefni/hollvinir-tjarnarinnar/>

## HVAÐ RÆÐUR HNIGNUN LÍFRÍKIS TJARNARINNAR?

Fuglalífi Tjarnarinnar hefur hnignað á liðnum árum og áratugum og það er óumdeilt. Við teljum að þrjár megin skýringar séu á þessari þróun og höfum rökstutt það í fyrri skýrslum. Skýringar okkar eru:

- **fæðuskortur**
- **afrán**
- **hnignun búsvæða.**

Við höfum áður rætt ítarlega mögulegar mótvægisáðgerðir og viljum í því sambandi benda á Tjarnarskýrslur frá 2011 og 2012 (Ólafur K. Nielsen og Jóhann Óli Hilmarsson 2011 og 2012). Boðskapur okkar er sá sami og fyrr og í hnotskurn felast tillögur okkar í því að viðhalda umgjörðinni, stunda ræktunarstarf og hafa eftirlitsmann með Tjarnarfuglunum. Umgjörðin er svæðið í heild sinni: tjarnir, bakkar, hólmar og friðlandið í Vatnsmýri (1. mynd). Umgjörðin nær einnig til vatnasviðs Tjarnarinnar.

Með viðhaldi er átt við verk líkt og að koma í veg fyrir landbrot í Vatnsmýrinni, tryggja að hávaxnar plöntur líkt og hvönn og kerfill kaffæri ekki kríuvarpið, meindýravarnir o.fl. Með ræktunarstarfi er vísað til árangurs andasleppinganna frá 1956 og 1957 og okkar tillaga er að haldið verði áfram með slíkt starf. Eftirlitsmaður með Tjarnarfuglum sinnir daglegum þörfum fuglanna yfir vor og sumar.

Sumum af tillögum okkar um aðgerðir hefur verið fylgt eftir og við fögnum því! Nægir hér að nefna stofnun friðlands fugla í Vatnsmýri á sínum tíma, síðar slepping andarunga 2014 og 2015, umbætur í kríuvarpinu í Þorfinnshólma og Vatnsmýri, og nú í vetur endurbygging hólmans í Norðurtjörn (10. mynd). Við viljum nota tækifærið og benda á nokkur atriði sem þurfa skoðunar varðandi lélega viðkomu Tjarnarfugla og gróður- og búsvæðavernd.



*10. mynd. Framkvæmdir hafnar við Stóra hólmann í Norðurtjörn. Ljós. JÓH 13. desember 2024.*

### *Viðkoma Tjarnarfugla*

Hvað ræður því að viðkoma Tjarnarandanna er jafnléleg þessi árin og raun ber vitni? Er það fæðuskortur sem ræður mestu eða afrán, skerðing búsvæða eða eitthvað annað? Þessu þarf að svara og að nýta þá þekkingu til að bregðast við. Ef það er fæðuskortur sem hamlar, þá þarf hreinlega að fóðra andarungana á meðan þeir vaxa úr grasi. Ef það eru afræningjar sem eru flöskuhálsinn, þá þarf að farga þeim eða stugga í burtu.

Kríuvarpið við Tjörnina eru krúnudjásn og mikilvægt að standa vörð um það. Það er mjög ánægjulegt að sjá þróttinn í kríuvarpinu nú í ár og í fyrra. Árin þar á undan skiptust á skin og skúrir og sum ár var viðkoman léleg eða nær engin. Uppistaðan í því æti sem krían ber í unga sína eru sandsíli sem krían fangar á grunnslóð hér við Innses. Ástand sandsílastofna ræður því væntanlega miklu um varpárangur kríunnar. Afræningjar gætu líka haft áhrif á varpárangur kríunnar. Í því sambandi nægir að minna á að minkur lék lausum hala í kríuvarpinu í Vatnsmýrinni í júní 2017 og líka hafa kettir sést þar á veiðum. Einnig hafa sílamáfar herjað á varpið og drepið unga líkt og 2022. Við getum

ekkert gert við fæðubresti en það er ólíðandi að horfa upp á afræningja spilla kríuvarpinu.

Fjöldi vetursetufugla við Tjörnina ræðst mjög líklega af fæðuframboði. Það sem dregur fuglana að eru brauðgjafir borgarbúa, það er lítið annað sem Tjarnarfuglarnir hafa að éta í Tjörninni á þessum árstíma. Mælingar veturinn 1998–1999 sýndu að brauðgjafir stóðu undir fæðuþörf þeirra helga daga en ekki virka (Ólafur K. Nielsen 1999). Líklegasta skýringin á fækkun vetrargesta er að dregið hafi úr brauðgjöfum. Öflugur hópur fuglavina hefur síðustu tvo vetur fóðrað Tjarnarfuglana (sjá: <https://www.facebook.com/groups/2702405353225254>). Við fögnum þessu framtaki! Munum, ef við viljum hafa auðugt fuglalíf við Tjörnina yfir veturinn þá verður að fóðra fuglana, ætíð er það eina sem dregur þá að. Einnig, grágæsin, ólíkt hinum tegundunum, er algjörlega háð þessum matargjöfum í jarðbönnum og án þeirra drepast gæsirnar úr hungri.

#### *Flóran og framandi ágengar tegundir*

Framtíð gulstararbreyðanna í Suðurtjörn tengist gróðurvernd við Tjörnina. Þessar breiður eru síðustu leifar af gulstararengi sem var við suðurenda Tjarnarinnar, annað er komið undir uppfyllingar. Væntanlega hefur gulstörin vaxið á þessum stað í aldir eða árpúsundir. Önnur breiðan (171 m<sup>2</sup>) og sú stærri er í suðausturenda Suðurtjarnar og hin er í suðvesturendanum (124 m<sup>2</sup>). Síðustu tvo áratugi hafa bæði gæsir og álfir sótt mjög í gulstörina á vorin og sumrin, fuglarnir bíta blöðin eða rífa plönturnar upp. Til að verjast þessum ágangi hafa breiðurnar verið girtar af. Girðingarnar voru endurnýjaðar vorið 2023 en ekki síðan. Það þarf að halda girðingunum við ár hvert. Úttekt var gerð á ástandi girðinganna í febrúar 2024 og aftur í janúar 2025. Ástand þeirra er lélegt, þær halda ekki álfum og gæsnum úti – girðingarnar þurfa endurnýjunar við!

Tjarnalilja eða tjarnasverðlilja (*Iris pseudacorus*), sem er vatnaplanta, var gróðursett í Þorfinnstjörn rétt eftir aldamót (sjást á loftmynd frá 2006). Þetta er framandi tegund í íslensku vistkerfi og skilgreind sem ágeng tegund bæði í Norður-Ameríku og Suður-Afríku, þar sem hún myndar einsleitar breiður og útrýmir innlendum vatnaplöntum (Wikipedia 2023). Blöð og rætur tjarnalilju eru eitruð og grasbítar, líkt og gæsir og álfir, snerta hana ekki. Flatarmál tjarnarliljubreiðanna í Þorfinnstjörn var 255 m<sup>2</sup> í júlí 2023. Liljan hefur dreift sér yfir í Suðurtjörn og þar eru að myndast breiður með bökkum. Við hvetjum til þess að tjarnaliljan verði fjarlægð!

Einn tilgangur með Vatnsmýrarfriðlandi var að varðveita þann votlendisgróður sem forðum einkenndi Vatnsmýrina. Úttekt var gerð á flóru friðlandsins 2003 (Jóhann Pálsson 2003). Miklar breytingar hafa orðið síðan og hefur skógarkerfill, sem er ágeng framandi tegund, meðal annars lagt undir sig stórar spildur (11. mynd). Þistill og fleiri framandi og ágengar tegundir eru líka til vandræða. Með tilliti til þessara breytinga er tillaga okkar að gróðurúttekt verði endurtekin. Jafnframt verði tækifærið notað og gerð úttekt á varpi bæði anda og mófugla í Friðlandinu.



*11. mynd. Hólminn í friðlandinu í Vatnsmýri 8. júlí 2024. Kerfill er mjög ágengur, en hvönn er einnig að breiðst út. Mest er um kriu í varpi, en hettumáfahópur er á bletti vinstra megin um miðja mynd. Ljós. JÓH.*

#### *Hnignun búsvæða*

Mikið landbrot hefur verið í Friðlandinu (Ólafur K. Nielsen og Jóhann Óli Hilmarsson 2017). Það verður að bregðast við þessu á einhvern máta og tryggja að aldan brjóti ekki bakkann líkt og reyndin hefur verið á liðnum árum.

Vatnsmýringar Tjarnarinnar er í uppnámi vegna framkvæmda í og við Vatnsmýrina. Heilt hverfi hefur byggst upp við austurjaðar Vatnsmýrar (Hlíðarendi). Mest allt vatnssstreymi á yfirborðinu kom frá þessu svæði. Við spyrjum, hvaða áhrif hefur þetta haft á streymi vatns til Tjarnarinnar? Það er ekki bara vatnsmagnnið sem skiptir máli heldur líka gæði vatnsins og heilnæmi. PFAS-efnamengun í Tjörninni veldur áhyggjum (um eiginleika PFAS-efna má lesa hér: [https://en.wikipedia.org/wiki/Per\\_and\\_polyfluoroalkyl\\_substances](https://en.wikipedia.org/wiki/Per_and_polyfluoroalkyl_substances)). Í nýlegri grein benda þeir Gunnar H. Gunnarsson og Örn Sigurðsson (2024) á að styrkur svokallaðra PFAS-efna í Tjörninni sé tæplega 50-sinnnum hærrí en alþjóðlegar kröfur um gæði yfirborðsvatns segja til um. Uppruni þessarar mengunar er mjög líklega sú starfssemi sem stunduð er á flugvællinum í Vatnsmýrinni. Efnin finnast m.a. í slökkvifroðu og afísingarefnum, sem og í vökvakerfum og smurolíum flugvéla. Efnin berast með grunnvatni til Tjarnarinnar. Lífverur taka þessi efni upp og þau magnast á leið sinni upp fæðuvefinn og finnast í mestum styrkleika hjá þeim tegundum sem sitja ofarlega í fæðuvefnum líkt og sumum öndum. Vitað er að PFAS-efni geta haft slæm áhrif á heilsu, lífslíkur og viðkomu andfugla. Gæti hér verið komin ein skýring á lélegri við komu Tjarnaranda?

#### *Framtíðarsýn lífríkisnefndar Tjarnarinnar*

Í lokin, líkt og við gerum ævinlega í þessum skýrslum, er rétt að minna á að borgaryfirvöld mörkuðu á sínum tíma stefnu varðandi lífríki Tjarnarinnar. Um það má lesa í bókinni „Tjörnir, saga og lífríki“ sem kom út á vegum Reykjavíkurborgar árið 1992. Þar segir m.a. á bls. 165 í kafla 8, „Framtíð Tjarnarsvæðisins“ sem er eftir Inga Ú. Magnússon, Einar E. Sæmundsen, Gísli M. Gíslason, Halldór Torfason og Jóhann Pálsson:

„Fjölbreytt andalíf Tjarnarinnar er að miklu leyti manngert og komið var upp vísi að fuglagarði á svæðinu á sjötta ártugnum. Þessi tegundaauðlegð hefur bæði skemmti- og fræðslugildi og ber að vinna áfram í sama anda. Forsenda fyrir slíku ræktunarstarfi er að skipulegt eftirlit sé með Tjarnarfuglunum, bæði almenn umhirða, til dæmis að fódra unga, eyða vörgum, vakta varplönd og fleira, og eins að fylgjast með stofnstærð og viðkomu Tjarnarfugla, þannig að á hverjum tíma sé vitað hvað sé þar af fugli og hvort ákveðnum tegundum sé að fækka eða þær jafnvel að hverfa.“

## HEIMILDIR

eBird 2024. eBird: *An online database of bird distribution and abundance* [web application]. eBird, Cornell Lab of Ornithology, Ithaca, New York. Available: <http://www.ebird.org>. (sótt 05.01.2025).

Ingi Ú. Magnússon, Einar E. Sæmundsen, Gísli Már Gíslason, Halldór Torfason & Jóhann Pálsson 1992. Framtíð Tjarnarsvæðisins. Bls. 161–171 í *Tjörnin, saga og lífríki*. Reykjavíkurborg. 197 bls.

Jóhann Pálsson 2003. Friðlandið í Vatnsmýrinni, flóra og gróðurfar í friðlandi fyrir fugla í Vatnsmýrinni. Umhverfis- og heilbrigðisstofa. UHR 11-2003\_6.

Ólafur K. Nielsen 1999. Tjarnarfuglar og brauðgjafir. Skýrsla til Garðyrkjustjóra, 13 bls.

Ólafur K. Nielsen & Jóhann Óli Hilmarsson 2011. *Fuglalíf Tjarnarinnar árið 2011*. Skýrsla til Garðyrkjustjóra, 14 bls.

Ólafur K. Nielsen & Jóhann Óli Hilmarsson 2012. *Fuglalíf Tjarnarinnar árið 2012*. Skýrsla til Garðyrkjustjóra, 17 bls.

Ólafur K. Nielsen & Jóhann Óli Hilmarsson 2017. *Fuglalíf Tjarnarinnar árið 2016*. Skýrsla til Garðyrkjustjóra, 15 bls.

Gunnar H. Gunnarsson & Örn Sigurðsson 2024. Umhverfisslys í Reykjavíkurtjörn. Morgunblaðið, 23.11.2024, bls 31.

[https://www.mbl.is/mogginn/bladid/innskraning/?redirect=%2Fmogginn%2Fbladid%2Fgrein%2F1876059%2F%3Ft%3D911399289&page\\_name=grein&grein\\_id=1876059](https://www.mbl.is/mogginn/bladid/innskraning/?redirect=%2Fmogginn%2Fbladid%2Fgrein%2F1876059%2F%3Ft%3D911399289&page_name=grein&grein_id=1876059)

Wikipedia 2023. *Iris pseudacorus*. [https://en.wikipedia.org/wiki/Iris\\_pseudacorus](https://en.wikipedia.org/wiki/Iris_pseudacorus) (sótt 19.2.2023).

## TÖFLUR

**1. tafla.** Álftir, gæsir og endur á Tjörninni 2024. Samtals voru gerðar þrjár heildartalningar á fuglum um vorið og sumarið og ein talning í desember. Í töflunni er sýnt hvað sást af álfum, gæsnum og öndum í þessum talningum.

Tegund	kyn/aldur	4.5.2024	26.5.2024	23.7.2024	28.12.2024
Álft	ógr. aldur	3	1	6	92
Grágæs	fullo.	51	33	127	313
Grágæs	ungar	0	0	37	0
Stökkönd	steggir	35	51	147	...
Stökkönd	kollur	17	29	33	...
Stökkönd	ókyng.	0	0	0	242
Stökkönd	ungar	0	0	6	0
Gargönd	steggir	1	3	15	0
Gargönd	kollur	1	0	6	0
Gargönd	ungar	0	0	0	0
Rauðhöfði	steggir	4	3	...	...
Rauðhöfði	kollur	4	3	4	...
Rauðhöfði	ókyng.	0	0	15	61
Rauðhöfði	ungar	0	0	5	0
Urtönd	ókyng.	0	0	3	0
Urtönd	steggir	0	1	...	2
Urtönd	kollur	0	1	...	2
Urtönd	ungar	0	0	3	0
Duggönd	steggir	6	9	0	0
Duggönd	kollur	3	8	5	0
Duggönd	ungar	0	0	1	0
Skúfönd	steggir	24	34	5	...
Skúfönd	kollur	16	20	18	...
Skúfönd	ókyng.	0	0	0	24
Skúfönd	ungar	0	0	12	0
Toppönd	steggir	0	0	0	1
Toppönd	kollur	0	0	0	1

**2. tafla.** Andakollur á Tjörninni í Reykjavík vorið 2024, samanborið við meðaltal áráanna 1974–2024.

	Sto	Gar	Rau	Urt	Skú	Dug	Æðu	Top	Samtals
Talning 2024	29	1	4	1	20	8	0	0	63
Meðaltal 1974–2024	66,1	2,3	0,7	0,2	24,4	12,1	24,4	1,1	131,1
Hámark	115	6	4	2	50	32	72	5	216
Lágmark	15	1	0	0	7	2	0	0	37
Staðalfrávik	28,95	1,35	0,93	0,48	8,18	8,30	18,67	1,05	52,55
Breytileikastuðull	44%	57%	125%	198%	33%	69%	76%	96%	40%
Ár (n)	45	45	43	45	45	44	44	42	43

Breytileikastuðull er hlutfall staðalfráviks af meðaltali. Gar er gargönd, Rau er rauðhöfði, Sto er stökkönd, Urt er urtönd, Skú er skúfönd, Dug er duggönd, Æðu er æður og Top er toppönd.

**3. tafla.** Andarungar á Tjörninni í Reykjavík síðsumars 2024, samanborið við meðaltal áráanna 1973–2024.

	Sto	Gar	Rau	Urt	Skú	Dug	Æðu	Top	Samtals
Talning 2024	6	0	5	3	12	1	0	0	27
Meðaltal 1974–2024	44	5	25	15	34	0	1	1	123
Hámark	140	31	94	58	125	2	13	10	316
Lágmark	3	0	0	0	0	0	0	0	24
Staðalfrávik	31,21	6,03	17,42	14,72	32,44	0,44	2,47	1,87	77,98
Breytileikastuðull	70%	123%	69%	101%	96%	390%	286%	343%	63%
Ár (n)	44	44	44	44	45	45	45	44	43

Breytileikastuðull er hlutfall staðalfráviks af meðaltali. Gar er gargönd, Rau er rauðhöfði, Sto er stökkönd, Urt er urtönd, Skú er skúfönd, Dug er duggönd, Æðu er æður og Top er toppönd.